

Nefndasvið Alþingis
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd
Austurstræti 8-10
Reykjavík

Reykjavík, 6. apríl 2017.

Vísað er til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 6. apríl sl., þar sem endurskoðendaráði var boðið að senda efnahag- og viðskiptanefnd umsögn um frumvarp til laga um endurskoðendur (eftirlitsmál), 312. mál.

Í frumvarpinu er lagt til að eftirlitsgjald, sem endurskoðendur greiða árlega í ríkissjóð, til að standa straum af kostnaði við störf endurskoðendaráðs verði hækkað í 80.000 kr.

Í núgildandi lögum er kveðið á um að árlegt eftirlitsgjald nemi 50.000 kr. á hvern endurskoðanda og hefur sú fjárhæð verið óbreytt síðan lögin tóku gildi í upphafi árs 2009. Nú er svo komið að gjaldið stendur alls ekki undir kostnaði við rekstur ráðsins, en útgjöld þess hafa aukist í takt við almennar verðlagsbreytingar, en stærstur hluti útgjalda ráðsins eru laun til starfsmanns ráðsins og greiðslur til ráðsmanna. Þá hafa sérstök rannsóknarverkefni ráðsins reynst kostnaðarsöm auk þess sem nokkur kostnaður er af samstarfi ráðsins við norræna eftirlitsaðila með endurskoðendum.

Endurskoðendaráð telur breytinguna því nauðsynlega og leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllt,

Áslaug Árnadóttir,
formaður endurskoðendaráðs